

Skipulagsstofnun
b/t Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 31. janúar 2020
UST202001-328/R.K.
10.05.01

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum – Tillaga að matsáætlun – Dýpkun við Sundabakka
í Ísafjarðarhöfn**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 14. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun.

Ráðgert er að lengja Sundabakka í Ísafjarðarhöfn um allt að 300 m með stálþili og tilheyrandi landfyllingu til suðvesturs og auka viðlegudýpi í allt að 11 m fyrir framan fyrirhugaðan hafnarkant. Framkvæmdin er á vegum hafna Ísafjarðarbæjar. Megin-tilgangur framkvæmdar er að aðlaga höfnina að breyttri notkun og að gera stórum skemmtiferðaskipum kleift að leggjast að bryggju. Framkvæmdin kallar á að tekið sé allt að 410.000 m³ af efni af hafslotni og að í landfyllingu fari allt að 90.000 m³ skv. greinargerð tillögu að matsáætlun.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir og metið ofangreinda tillögu að matsáætlun þar sem megin umhverfisþættir sem fjallað verður um í mati eru; jarðminjar, straumar, öldufar og rof, lífríki sjávar og fuglalíf. Í frummatsskýrslu verður gerð grein fyrir þeim framkvæmdum sem ferli mats á umhverfisáhrifum tekur mið af, þ.e. dýpkun, fyllingu og losun efnis. Þá verða tveir valkostir metnir, A og B kostur, auk núllkostar.

Umhverfisstofnun telur að í tillögu að matsáætlun sé gerð fullnægjandi grein fyrir framkvæmdinni og þeir umhverfisþættir skilgreindir sem eru líklegir til að verða fyrir áhrifum vegna framkvæmdarinnar. Umhverfisstofnun gerir því ekki athugasemdir við tillögu að matsáæltun.

Umhverfisstofnun bendir á að fyrir veitingu leyfis til varps efna í hafið verður umsækjandi að skila upplýsingum til Umhverfisstofnunar samkvæmt viðauka I við leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis sem aðgengilegt er á vefsíðu stofnunarinnar.


Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur

Virðingarfyllst


Axel Benediktsson
sérfræðingur